

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Grímsness- og Grafningshrepps.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, nr. 252/2001.

2. gr.

Varmaorkan er seld um magnmæla (rúmmetramæla) eða rennslishebla. Greitt skal fyrir innstillt varmafl samkvæmt hemli, eða mælt varmamagn samkvæmt rúmmetramæli. Þar að auki skal greitt mælagjald.

3. gr.

A. Hemlagjald (varmagjald):

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lámarksstilling er 2,0 l/mínútu. Hemlagjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði er kr. 1.020.

B. Eldri samningar:

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn er gjald fyrir hvern mínútulítra kr. 595,65 á mánuði.

C. Varmagjald skv. mæli:

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnaði og gróðurhús skal greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 59.

Mælagjald á mánuði.	kr.
C1 Mælastærð DN 15	532
C2 Mælastærð DN 20	760
C3 Mælastærð DN 25	940
C4 Mælastærð DN 32	1.120
C5 Mælastærð DN 40	1.301
C6 Mælastærð DN 50	1.781

D. Stofngjöld:

Innifalið í stofngjaldi er ein heimæð á lóð allt að 25 m, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituaðin kemur að viðkomandi lóð og ein mælagrind.

D1 Fyrir húsrými allt að 300 m ³ og gróðurhús allt að 200 m ²	
Mælagrindargjald	kr. 48.000
Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss	kr. 120
D2 Fyrir húsrými stærra en 300 m ³ og gróðurhús allt að 200 m ²	
Mælagrindargjald	kr. 58.000
Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss umfram	
300 m ³ /200 m ²	kr. 93
D3 Auka mælagrind	
Mælagrindargjald	kr. 38.500

E. Önnur gjöld:

Lokunargjald	kr. 2.500
Aukaálestur	kr. 2.500

4. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps, er hér með staðfest, samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. apríl 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.